




Reykjavík, 18. október 2023

Varðar: Suðurgata 7 - fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. ágúst 2023 var lögð fram fyrirspurn Tog B þjónustu ehf., dags. 23. júní 2023, um breytingu á notkun jarðhæðar hússins á lóð nr. 7 við Suðurgötu úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Suðurgötu 7 borgarluta 2 Miðborg og er á skilgreindu íbúðarsvæði, ÍB9 Tjarnargata.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni. Því þarf að grenndarkynna allar byggingaleyfisumsóknir.

Umsögn

Suðurgata 7 er fjölbýlishús með atvinnurými á jarðhæð, nú skráð sem skrifstofa og hárgreiðslustofa, byggt árið 1985 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir álitum skipulagsfulltrúa á breytingu á notkun húsnæðis á lóð nr. 7 við Suðurgötu úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði.

Umrædd lóð er innan skilgreinds götusvæðis nr. 42 í miðborg Reykjavíkur skv. aðalskipulagi Reykjavíkur, þ.e. Suðurgata frá og með Suðurgötu 13 að Vonarstræti 10 og Túngötu. Túngata 2.

Við virkar götuhliðar er markmiðið að skapa heildargötumynd og lifandi göturými. Ennfremur segir: „Við breytingu á starfsemi gatna með götuhliðastýringu skal stuðlað að því að auka hlutfall virkra götuhliða á jarðhæð. Ekki er heimilt að breyta núverandi atvinnu- og þjónustuhúsnæði á jarðhæðum í íbúðir.“

Að breyta verslunarhúsnæði á jarðhæð í íbúð á viðkomandi lóð er ekki í samræmi við aðalskipulag og því er tekið neikvætt í erindið.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í fyrirspurn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri